

# **Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**

**Innrimel 3, 301 Akranes**

**kt. 550399-2299**

## **FUNDARGERÐ**

### **137. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS**

Mánudaginn 8. ágúst 2016 kl. 16:00 í Stjórnsýsluhús Hvalfjarðarsveitar

#### **Á fundinum voru:**

Ingibjörg Valdimarsdóttir, formaður  
Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)  
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)  
Sigrún Guðmundsdóttir  
Ragnhildur Sigurðardóttir

Eybór Garðarsson og Trausti Gylfason boðuðu forföll. Á fundinum var auk nefndarmanna Helgi Helgason, sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og hófst síðan formleg dagskrá fundarins.

- Sameining heilbrigðiseftirlitssvæða, minnispunktar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um málið 15.07.2016.**

*Framlagt*

- Ljósleiðarasæstengur yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi – ákvörðun Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum. Bréf dags. 24.06.2016.**  
Skipulagsstofnun telur ekki þurfa mat á umhverfisáhrifum.

*Framlagt*

- HB-Grandi fiskþurrkun Akranesi.** Lagt fram lögfræðilegt álit vegna svarbréfa til þeirra sem gerðu athugasemdir við auglýst starfsleyfi í apríl s.l.

*Samþykkt að fela framkv.stj. að svara athugasemdum í samræmi við tillögur lögmanns.*

*Samþykkt að gefa út tímabundið starfsleyfi til 1. maí 2017, sem auglýst var í mars s.l.*

- Artic Protein Vallarási 7-9, Borgarbyggð.** Athugasemdarestur vegna starfsleyfisauglýsingar rann út 29. júlí s.l. Engar efnislegar athugasemdir bárust.

*Samþykkt að gefa út tímabundið starfsleyfi til 1. júlí 2017.*

- Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi-drög að nýrri reglugerð.**

*Framlagt*

- Skjólgarður með viðlegu á hafnarsvæðinu á Grundartanga-Beiðni Skipulagsstofnunar, dags. 18.07.2016, um umsögn vegna framlagðrar skýrslu Mannvits um málið.**

*Heilbrigðisnefnd telur að verkið þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Bent skal á að ekki er fjallað um framtíð fráveitumála innan hafnarsvæðisins og ætti því að gera grein fyrir þeim málum í greinargerð og hvort skjólgarður muni hafa áhrif á þau áform.*

- 7. Fráveitumál á Akranesi vegna starfrækslu nýrrar hreinsistöðvar.**  
*Framkv.stj. greindi frá fundi með starfsmönnum OR og HB Granda hinn 7. júlí 2016. Fundargerð liggur fyrir.*
- 8. Elkem Ísland ehf. Undanþága UAR um starfsleyfi til fyrirtækisins. Bréf UAR til UST 13.06.2016 og útgáfa tímabundins starfsleyfis til 1. febrúar 2017 sbr. bréf UAR til Elkem Ísland ehf., dags. 01.07.2016.**

*Framlagt*

- 9. Deiliskipulag Breiðinni á Akranesi-Beiðni um umsögn. Erindi frá Akraneskaupstað 13.07.2016.**  
*Framkv.stj. falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum sem voru m.a. fyrri umræður um deiliskipulag svæðisins vegna fráveitumála almennt á Akranesi og samþykkt nefndarinnar frá síðasta stjórnarfundum um fráveitumál við Steinsvör.*
- 10. Starfsmannabúðir á Grundartanga.**

Lagt fram bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags 13.07.2016, þar sem beðið er um umsögn vegna erindis VSÓ ráðgjafar um uppsetningu vinnubúða í 25 mánuði innan þynningarvæðis á Grundartanga.

*Heilbrigðisnefndin mælir gegn því að veitt verði undanþága til uppsetningu vinnubúða á þynningarvæðinu við Grundartanga, þar sem starfsmenn munu koma til með að dvelja allan sólarhringinn í heila 2 mánuði í senn. Ákvæði 23. og 26. gr. reglugerðar nr. 941/2002 eru skýr að mati nefndarmanna í þessu efni.*

## **11. Starfsleyfi**

Aurora Seafood ehf., fiskvinnsla, Vallarási 7-9, Borgarnesi. – Yfirtaka á starfsleyfi Whole Seafood ehf.  
Umhverfisstofnun, snytingar á Malarrifi í tengslum við Gestastofu UST á staðnum – Nýtt leyfi.  
Fiskmarkaður Snæfellsbæjar, Ennisbraut 34, Ólafsvík – Nýtt leyfi  
Tjaldsvæði Granastöðum, Borgarnesi – Endurnýjað leyfi  
Gámastöð Grundarfirði – Endurnýjað leyfi  
Tjaldsvæði Stykkishólmi – Endurnýjað leyfi  
Færanlegur matarvagn Möns ehf. – Nýtt leyfi

*Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangr. starfsleyfi.*

- 12. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitinga- og gististaða.**  
Sölvatröð 1 á Arnarstapa, Snæfellsbæ-Sölvahamar ehf. Sumarhús, gisting. - Nýtt leyfi  
Sölvatröð 15 á Arnarstapa, Snæfellsbæ-Oliver ehf. Sumarhús, gisting. - Nýtt leyfi  
Öxl, Snæfellsbæ-Axlabönd ehf. Gistiheimili. - Nýtt leyfi  
Asparskógar 20 í Svarfhólslandi, Hvalfjarðarsveit-Keilir ehf. Sumarhús, gisting. - Nýtt leyfi

Lækjarkot, Borgarbyggð-Lækjarkot ehf. Sumarhús, gisting og gistiheimili – Breytt og endurnýjað leyfi.

Snæfellsás 1 á Hellissandi, Snæfellsbæ. Íbúð á neðri hæð – Nýtt leyfi

Gunnlaugsgata 6, Borgarnesi. Íbúð – Nýtt leyfi – Nýtt leyfi

Fjárhústunga 34 í landi Stóra Áss, Borgarbyggð. Sumarhús, gisting. - Nýtt leyfi

Brákarbraut 8, Borgarnesi-Núna ehf. Tvær íbúðir - Nýtt leyfi

Brautarholt 7 í Ólafsvík. Gistiheimili-Fann ferðaþjónusta ehf. - Nýtt leyfi

Háarif 11 á Rifi, Snæfellsbæ. Íbúð á neðri hæð. - Nýtt leyfi

Ennisbraut 2, Ólafsvík-Lárubúð ehf. Tvær íbúðir á jarðhæð og efri hæð. - Nýtt leyfi

Setberg, Grundarfjarðarbæ. Heimagisting – Endurnýjun leyfis

Jörundarholt 158, Akranesi. Heimagisting - Nýtt leyfi

Borgarbraut 31, Borgarnesi-Trétraust ehf. Íbúðargisting – Nýtt leyfi.

Veiðihús við Haffjarðará, Geiteyri – Endurnýjun leyfis

Fosshótel Hellnar, Hellnum – Nýtt leyfi

Hótel Búðir Búðir, Búðum – Endurnýjað leyfi

Golfskálinn Glanni, Bifröst – Endurnýjað leyfi

Ferðaþjónustan Langaholti, Staðarsveit – Endurnýjað leyfi

Veiðistaðurinn við Vesturbraut, Búðardal – Nýtt leyfi

North Star Hotel Olafsvik – Nýtt leyfi

Brúarás veitingastaður, Stóra Ási, Borgarbyggð – Nýtt leyfi

Welcome apartments gististaður Ólafsvík 19, Ólafsvík – Nýtt leyfi

Welcome apartments hotel Hellissandur, gististaður – Nýtt leyfi

OK Bistro, veitingastaður, Digranesgötu 2, Borgarnesi – Nýtt leyfi

Tjaldanes 2, Daslabyggð-Tjaldanes 2 ehf, Sumarhús, gisting - Nýtt leyfi

Ásbrún, Kjallaksstöðum, Dalabyggð—Fasteignafélagið Ásbrún. Sumarhús, gisting -

Nýtt leyfi

*Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangr. umsagnir*

### **13. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærisleysa.**

Vatnaskógur, útisamkoma um verslunarmannahelgina

Tímabundin samkoma UMFÍ Borgarnesi um verslunarmannahelgina

Harmonikkuhátíð Pinghamri, Borgarbyggð, 30.06.2016

Á góðri stundu, bæjarhátíð Grundarfirði 21. - 24.07.2016

Dalabúð, dansleikur 09.07.2016

Lopapeysuball Akranesi 2. júlí 2016

Hjálmaklettur, dansleikur 25.06.2016

Brautartunga Lundarreykjadal, dansleikur 16.06.2016

Flugeldasýning í Stykkishólmi 13.08.2016

*Framlagt*

### **14. Önnur mál**

#### **a. Útleiga á félagsheimilum/samkomuhúsum**

Rætt um útleigu á félagsheimilum sveitarfélaga á Vesturlandi og hvernig bregðast eigi við þegar þau eru nýtt sem gististaðir.

*Samþykkt að skoða hvernig þessi mál eru afgreidd á öðrum heilbrigðissvæðum.*

*Framkv.stj. falið að kynna sveitarstjórnarmönnum hvernig taka skulin á þessum málum.*

**b. Heimasíða HeV**

*Heimasíða er í vinnslu. Starfsmönnum HeV falið að koma með tillögur á næsta stjórnarfund.*

**c. Starfsemi GMR og Kratus á Grundartanga**

Miklar umræður og fréttir hafa verið sagðar af þessum fyrirtækjum vegna umgengnis- og mengunarmála en bæði fyrirtækin eru með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun (UST). Litlar fréttir hafa borist um það hvernig gangi að fá fyrirtækin til vinna innan marka útgefina starfsleyfa.

*Samþykkt að senda UST bréf og óska skýringa á því hvernig brugðist hefur verið við umgengnis- og mengunarmálum þessara fyrirtækja og hver staðan er í dag. Óskað er svara fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður í lok september.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.10.

Fundaritari, Helgi Helgason